

Sigfús Illugason
Bjargi
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatni 10. júní 2016

UST201605-010/D.Ö.H.

10.05.02

Efni: Mannvirki á Bjargi

Umhverfisstofnun vísar í mál UST20140900128/döh, frá 23. september 2014, og ný gögn er bárust frá Trésmiðjunni Rein, f.h. Sigfúsar Illugasonar, þann 2. maí 2016 vegna þjónustuaðstöðu að Bjargi í Mývatnssveit en svæðið er verndað með lögum 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

Lýsing framkvæmdar

Þann 23. september 2014 afgreiddi Umhverfisstofnun til ferðajónustunnar að Bjargi, Mývatnssveit, leyfi til að byggja pall sem að grunnfleti átti að verða 50m² með 90 cm háum skjólvegg. Pallurinn var ætlaður gestum ferðajónustunnar. Framkvæmdir hófust veturn 2014 og var þá komið fyrir steyptum undirstöðum. Haustið 2015 stöðvaði skipulags- og byggingafulltrúi Skútustaðahrepps framkvæmdina en þá hafði verið reist húsgrind úr tré sem skv. umsækjanda átti að bera uppi tjalddúk yfir sumartímann. Framkvæmdin var metin skipulagsskyld til sveitarfélagsins auk þess sem Umhverfisstofnun mat það sem svo að áðurnefnt leyfi næði ekki yfir mannvirkni að því tagi sem var að rísa á Bjargi. Fór stofnunin fram á að að sótt yrði um að nýju.

Umhverfisstofnun bárust ný gögn þann 2. maí 2016 vegna mannvirkisins. Nýtt mannvirki eða skýli er sambærilegt að grunnfleti og fram kom í fyrra leyfi, sbr. teikningu sem fylgdi gögnum málsins Skýlið verður yfirbyggt, klætt timburpanel á veggjum, bárujárn á þaki og timburklæðningu á gólf. Undirstöður eru steyptar. Aðstaðan mun þjóna sem nestisaðstaða gesta ferðajónustunnar að Bjargi.

Skv. upplýsingum er gert ráð fyrir að mannvirknið fari í skipulagsferli hjá sveitarfélagini ef leyfi Umhverfisstofnunar fæst fyrir framkvæmdinni.

Áhrifamat

Í 1. gr. laga nr. 97/2004 er tekið fram að lögunum sé ætlað að vernda líffræðilega fjölbreytni, vernd jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd. Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því er fellur undir gildissvið laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 3. gr. laganna. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, sbr. 2. ml. 2. mgr. 3. gr. Umræddar framkvæmdir hafa verið samþykktar á skipulagi, hvorki deili- né aðalskipulag, eru framkvæmdirnar leyfisskyldar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004.

Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 kemur fram að landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðast við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarfélagsins, bæði í sveit og þéttbýli. Samkvæmt aðalskipulaginu er stefnt að fallegri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a.

felst í viðeigandi húsgarðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi. Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsþyrpingum sem þar eru fyrir.

Umrætt mannvirki er staðsett um 27 metra frá vatnsbakka Mývatns á milli Bjargs og Hótelss Reykjahlíðar. Þar munu gestir ferðapjónustunnar fá skjól- og nestisaðstöðu.

Umhverfisstofnun telur umrætt mannvirki ekki líklegt til að hafa skaðleg áhrif á lífríkið við Mývatn og ólíklegt að röskun verði á dýralífi. Í ljósi staðsetningar, í nálægð við aðrar byggingar, og þeirrar starfsemi sem mun fara fram á staðnum eru áhrif á landslag talin ásættanleg. Mat stofnunarinnar er stutt umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands en í 17 gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012 kemur fram að leita skuli umsagnar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn vegna framkvæmda. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst Umhverfisstofnun þann 11. maí sl.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaða byggingu á þeim forsendum að hún er á sama stað og áður og ekki líkleg, vegna staðsetningar og umfangs hennar, til að hafa neikvæð áhrif á lífriki Mývatns né heldur á aðra þætti náttúrfars s.s. landslag.

Ekki barst umsögn frá Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn fyrir afgreiðslu málsins.

Umhverfisstofnun veitir leyfi, fyrir sitt leyti, vegna byggingar mannvirkis/skýlis skv. teikningu en bent er á að framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps þarf að auki.

Skilyrði:

- Lágmarka skal umhverfissáhrif framkvæmdarinnar og halda umhverfi svæðisins snyrtilegu.
- Að farið sé að þeim reglum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 97/1994 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 665/2012. Jafnframt sé farið eftir þeim viðmiðum sem sett eru fram í verndaráætlun Mývatns og Laxár.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um frávik á ofangreindri lýsingu og þeim upplýsingum sem lagðar hafa verið fram til stofnunarinnar.
- Haga skal vinnu með þeim hætti að framkvæmdin verði afturkræf að öllu leiti eða að hluta.
- Umhverfisstofnun verði tilkynnt um verklok framkvæmdar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum, sbr. 2. mgr. 40. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Gjaldið er kr. 39.400- fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda, sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

Eftirlit

Ef Umhverfisstofnun telur þörf á eftirliti er eftirlitsgjald innheimt samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar kr. 13.200.- á klukkustund. Eftirlit getur orðið allt að tvær klukkustundir.

Virðingarfyllst

Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur

Tíggvi Þórólfsson
Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri